



Alþingi
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Selfossi, 9. október 2022

Efni: Umsögn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) um fjárlagafrumvarp ríkisins 2023

SASS áréttar að mikilvægi þess að farið verði yfir eftirfarandi atriði sem skipta miklu um fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga:

- Tekjustofnar sveitarfélaga og regluverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði tekin til endurskoðunar.
- Endurmat verði gert á útgjöldum til hjúkrunarþjónustu og annarrar þjónustu við aldraða.
- Þóknun til ríkisins vegna innheimtu útsvars á staðgreiðslu verði skoðuð.
- Kostnaðar tengdur þjónustu við fatlað fólk verði fullfjármagnaður og lagt mat á kostnaðaráhrif laga- og reglugerðabreytinga.

Samtökin undirstrika nokkra málaflokka sem skipta sveitarfélög á Suðurlandi töluverðu máli en nokkir þeirra voru til umfjöllunar í nýliðinni kjördæmaviku sveitarstjórna í landshlutanum með þingmönnum Suðurkjördæmis.

Áriðandi er að þau **verkefni og ábyrgð sem sveitarfélögum eru falin af hálfu ríkisins verði fjármögnuð með fullnægjandi hætti**. Má þar t.d. nefna breytingar á lögum og reglugerðum vegna málefna fatlaðs fólks og innleiðingu farsældarlaganna en dæmin eru fjölmörg.

Mikilvægt er að **styrkja tekjustofna sveitarfélaga og tryggja fjárhagslega sjálfbærni** þeirra enda standa núverandi tekjur ekki undir þeim lögboðnu verkefnum sem ríkið hefur falið þeim. Áfram skal vinna að **endurskoðun á reglum Jöfnunarsjóðs**. Þess er krafist að ríkið bregðist við ákalli sveitarfélaganna um að þeim verði markaður aukinn tekjustofn en með því má tryggja fjárhagslega sjálfbærni þeirra.

Ráðuneyti hafa haldið áfram að marka sér stefnu í veigamiklum málaflokkum og fer þeim fjölgandi. Með mörkun stefnu og því að birta viðeigandi aðgerðaáætlun má sjá hvaða áherslur eru raunverulega í starfi og hvernig fjármunir styðja við það. Ríkið er enn að slípa til verklagið við **gerð og framlagningu fjárlaga**. **Framsetningin er þó enn flókin og ógegnsæ**. Það er talsverður ágalli hversu erfitt er að rekja einstakar fjárheimildir en þær geta skipt einstaka stofnanir í landshlutunum verulegu máli en hafa til þess að gera lítil áhrif á endanlega afkomu ríkissjóðs.



Grunnþjónusta

Löggæsla:

SASS gerir alvarlega athugasemd við að gert sé ráð fyrir 2% niðurskurði á fjárframlögum frá fyrra ári til lögreglunnar á Suðurlandi og bendir á að nauðsynlegt sé að gefa frekar í og **auka fjárframlög til löggæslu. Íbúafjölgun og stóraukinn fjöldi ferðamanna** sem heimsækir vinsæla ferðamannastaði á Suðurlandi, auka verulega álag á lögregluna með fjölbreyttum verkefnum.

Fjölgun er á tilkynntum kynferðisbrotum, ofbeldisbrotum og heimilisofbeldismálum á milli ára og á sama tíma eru auknar kröfur um styttri málsmeðferðartíma sem eykur álag á rannsóknardeild lögreglunnar.

Umferðapungur hefur aukist aftur eftir COVID með auknum fjölda ferðamanna. Frá Vík austur að Höfn í Hornafirði eru lögreglumenn oftast en ekki einir við störf og langt í aðstoð auk þess sem innviðir á því svæði eru veikir. Fjölga þarf lögreglumönnum og auka eftirlit á þessu svæði svo tryggja megi fullnægjandi löggæslu, draga úr álagi og bæta starfsumhverfi. Aukið umferðareftirlit skilar marktækum árangri við að fækka slysum og auka umferðaröryggi.

Á sama tíma og lögreglan stendur frammi fyrir þessum áskorunum er samkvæmt fúmvarpi til fjárlaga fyrir árið 2023 gert ráð fyrir 2% niðurskurði. Þar sem launakostnaður er um 83% af rekstrarkostnaði lögreglunnar blasir við að óbreyttu að segja þarf upp lögreglumönnum til að koma til móts við boðaðan niðurskurð sem er óásættanlegt.

HSU, heilsugæsla, rekstur hjúkunarheimili, heilsuefling aldraðra og sjúkrabyrja:

Tryggja þarf fjármagn til reksturs HSU. Umfang starfseminnar hefur aukist árlega og er gríðarlega vaxandi **álag á bráðamóttöku** eða um 12% á milli ára, voru 16.000 komur árið 2021 og eru áætlaðar 18.000 komur árið 2022. Nauðsynlegt er að fullfjármagna verkefnið svo hægt sé að tryggja þar nauðsynlegan mannafla sem starfsemin krefst. Annars stigs heilbrigðisþjónusta skiptir nærsamfélagið miklu máli, þ.m.t sérfræðiþjónusta í heimabyggð bæði göngudeildarþjónusta hinna ýmsu sérgreina (HNE, augu, hjarta, lungu, meltingarfæri, krabbamein, kvensjúkdómar, barnalækningar og öldrun). Einnig er vakin athygli á þörfinni fyrir auknum legudeildarymum á lyflækningadeildinni á Selfossi.

Áréttað er **mikilvægi öflugrar heilsugæslu og réttinda íbúa Suðurlands til aðgengis að þeirri þjónustu.** Tryggja þarf fjármagn til mönnunar fagfólks á starfsstöðvum HSU og við utanspítalþjónustu s.s. sjúkraflutninga á starfssvæði stofnunarinnar. Veita þarf fjármagni til kvöld- og helgarþjónusta í heimahjúkrun þar sem hún er ekki til staðar, sem er grunnforsenda þess að hægt sé að mæta áherslu stjórnvalda um sjálfstæða búsetu eldri borgara eins lengi og kostur er. **Fjarheilbrigðisþjónusta** hefur skapað ný tækifæri m.a. til aukinnar sérfræðiþjónustu í dreifðari byggðum sem ætti að nýta enn frekar. Til að heilsugæslustöðvar geti mætt þessari þjónustu þarf að tryggja að nægt fjármagn sé til staðar.

Við gerð fjárlaga síðustu ár hefur **rekstrargrunnur hjúkunarheimila** verið skorinn niður og það hefur haft í för með sér mikinn taprekstur. Nauðsynlegt er **tryggja rekstrargrundvöll hjúkunarheimila í landshlutanum með hækkun á framlögum til reksturs heimilanna samkvæmt tillögum starfshóps.** Sérstök ánægja er með að bygging á nýju hjúkunarheimili er að hefjast á Höfn í Hornafirði en undrun sætir að rekstur sé ekki hafinn á Móbergi, nýja hjúkunarheimilinu á Selfossi.



Áréttuð er nauðsyn **reksturs sérhæfðrar sjúkráþyrllu**, en brýnt er að slík þyrlla verði staðsett á Suðurlandi og sé hluti af starfsemi HSU. Breytingar á þjónustu heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni hefur leitt til þess að í fleiri tilfellum en áður þarf að flytja íbúa dreifbýlis til höfuðborgarsvæðisins ef alvarleg veikindi og slys ber að garði. Flutningur yfir Hellisheiði er háður færð og tíðar lokanir á síðustu árum eru áhyggjuefni. Bæta mætti öryggi íbúa og vegfarenda með sjúkráþyrllu.

Málefni fatlaðra:

Rekstur málaflokks fatlaðs fólks á Suðurlandi er líkt og í öðrum landshlutum mjög fjársveltur og ekki hefur náðst að byggja upp búsetuúrræði í samræmi við þörf, sbr. ályktun á nýafstöðnu landsþingi sambandsins. Aukin eftirspurn eftir NPA samningum er auk þess fjárfrekur þáttur sem nauðsynlegt er að mæta, enda hafa með þeim auknar skyldur verið lagðar á sveitarfélögin án þess að nægt fjármagn fylgi.

Málefni barna:

Samtökin fagna þeim framfararskrefum sem stigin hafa verið í málefnum barna og þjónustu við þau, en leggur einnig áherslu á mikilvægi þess að **stuðningur og nægt fjármagn sé tryggt til að kerfisbreytingar gangi farsælega fram**. Þar er náið samstarf milli sveitarfélaga og ríkis nauðsynlegt.

Samgöngur og fjarskipti:

Áhyggjuefni er að ekki sé veitt meiri fjámunum í málaflokkinn **samgöngu- og fjarskiptamála**. Það veldur því að ekki er hægt að ráðist í mikilvægar nýframkvæmdir s.s. með fækkun einbreiðra brúa (eru hátt í tuttugu á Suðurlandi), viðhaldi er ekki sinnt með þeim hætti sem þörf er á og bæta þarf vetrarþjónustu. Allt eru þetta atriðið sem hafa áhrif umferðaröryggi.

Tryggja þarf **nægt fjármagn til viðhalds, rannsókna og uppbyggingar hafna á Suðurlandi**. Lögð er áhersla á að stjórnvöld tryggi fjármagn til eflingar og uppbyggingar hafnar í Vestmannaeyjum og Þorlákshöfn. Einnig að tryggt verði fé til rannsókna á **Grynslunum** í innsiglingunni á Hornafirði svo hægt sé að fylgjast með árangri af þeim aðgerðum sem ráðist hefur verið í til að hefta sandburð og auka dýpi.

Ákall er um fá fjámunni á fjárlög til að hægt sé að ljúka rannsóknum á jarðlögum **milli lands og Vestmannaeyja** og kanna fýsileika þess að **gera og reka jarðgöng** milli lands og eyja.

Flugsamgöngur þarf að tryggja áfram til Hornafjarðar og Vestmannaeyja með opinberum stuðningi og að staðinn verði vörður um Loftbrúarverkefnið.

Loks er ítrekuð áskorun á ríkisvaldið að **standa vörð um almenningssamgöngur í landinu**.

Ísland fulltengt - ljósleiðaravæðing byggðakjarna:

Samtökin fagna þeim áföngum sem náðst hafa í verkefninu Ísland ljóstengt en áfram þarf að halda á þessari braut og verja fjámunum til að **tengja byggðakjarna í dreifbýli**. **Háhraðatenging** er forsenda búsetu og uppbyggingar atvinnulífs í landinu. Skorað er á stjórnvöld að það sé tryggð samkeppni á fjarskiptamarkaði en jafnframt að félögin geri með sér reikisamninga þannig að gott fjarskiptasamband sé í öllu landinu. Öryggi íbúa skiptir höfuðmáli.



Byggðamál

Atvinnuráðgjöf og byggðapróun:

Byggðastofnun er með samninga við landshlutasamtökin, áður atvinnuþróunarfélögin, um að þau sinni **atvinnuráðgjöf og byggðapróun á landsbyggðinni**. Fjárfraðlög til stofnunarinnar vegna samningsins hafa ekki fylgt verðlags- og launaþróun undanfarin ár sem hefur haft í för með sér að landshlutasamtökin hafa þurft að skerða þjónustu sína í nærumhverfinu. Á sama tíma hefur eftirspurn eftir aðstoð ráðgjafa aukist til að sinna stuðningi við nýsköpun og þá að skapa umgjörðina, handleiða og aðstoð við að sækja í sjóði. Eftirspurnin jókst t.a.m. eftir að NMÍ var lögð niður og með fjölgun sjóða sem í boði eru, svo sem Lóu og Matvælasjóð. Þörfin fyrir atvinnuráðgjöf er til staðar rétt eins og árið 2009 en framlögin hafa lækkað um 50% sé tekið tillit til breytingar á launavísitölu, m.ö.o. má segja að framlagið **2009** hafi dugað til að hafa **33 ráðgjafa í vinnu en 2022 einungis 17**. Verkefnum sem snúa að byggðapróun hefur fjölgað og þeim hafa fylgt nýjar áskoranir. Í gildandi byggðaaáætlun eru landshlutasamtökin tilgreind sem framkvæmdaraðili eða samstarfsaðili í um 20 aðgerðum af 54. Til viðbótar við þau sem sérstaklega eru tilgreind hefur aðkoma landshlutasamtaka þróast í fjölmörgum öðrum. Eigi atvinnuráðgjöf og byggðapróun að standa undir nafni er **mikilvægt að hækka framlagið til Byggðastofnunar** en ekki lækka eins og gert er ráð fyrir í fjárlögum 2023. Með hækkun má tryggja framgang byggðaaáætlunar.

Sóknaráætlun:

Í fjárlögum er gert ráð fyrir að **framlög til Sóknaráætlana landshluta lækki** en þemað hjá ríkinu hefur verið að auka nýsköpun og því fylgir að **hækka þarf framlagið** enda hafa sóknaráætlanir sannað sig sem öflugt verkfæri til byggðapróunar. SASS telur að verkefnið Sóknaráætlun landshlutanna og þ.m.t. uppbyggingarsjóðir sem tengjast verkefninu hafa sjaldan verið mikilvægari en einmitt nú. **Samtökin hvetja til þess að framlög til Sóknaráætlana verði aukin líkt og gert var 2020 og 2021** en sú viðbót kom sér vel fyrir samfélögin í landshlutunum.

Umhverfismál

Mikilvægt er að **tryggt sé fjármagn til verkefna á sviði loftslagsmála**. Að ríkið komi myndarlega að stuðningi við innleiðingu hringrásarhagkerfisins í úrgangsmálum sem er að stóru leyti útfært og framkvæmt af sveitarfélögum í landinu. Þá verði styrkir til endurgreiðslu vegna fráveitufamkvæmda sveitarfélaga tryggðir þó án vafa myndi **endurgreiðsla á virðisaukaskatti tengt fráveitufamkvæmdum** vera líklegri til að styðja betur við og hvetja sveitarfélögin frekar til löngu tímabærra framkvæmda.

Öflun og örugg afhending raforku

Staða mála er alvarleg er varða afhendingaröryggi orku og aðgengi að þriggja fasa rafmagni. Krafa um úrbætur var lögð fram á ársþingi SASS árið 2018 en sums staðar á Suðurlandi er staðan enn óbreytt og **stendur í vegi fyrir atvinnuuppbyggingu** í landshlutunum. Eins og sjá má í nýttkominni Grænbók umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins er mikilvægt að afla sem fyrst grænnar orku til að hægt verði að hrinda í framkvæmd áhugaverðum nýsköpunarverkefnum.



Nýsköpun

SASS fagnar aðgerðum ríkisins tengdum nýsköpun úti á landi, s.s. með tilkomu Lóu sjóðs sem veitir nýsköpunarstyrki fyrir landsbyggðina. Hækka þyrfti þó heildarfjárhæð sjóðsins.

Menntun

Mikilvægt er að háskólastofnanir bjóði upp á **aukið fjarnám** þannig að allir landsmenn geti stundað háskólanám. Ljóst er að framboð af námi á háskólastigi sem kennt er í fjarnámi er afar breytilegt milli skóla. Þannig er einungis lítil hluti náms innan Háskóla Íslands, stærsta háskóla landsins, í boði í fjarnámi. **Þörf er á hugarfarsbreytingu.** Samtökin leggja til að þær menntastofnanir sem leggja metnað sinn í framboð á fjar- og dreifnámi um land allt fái auknar fjárheimildir umfram þær sem ekki bjóði upp á slíkt nám. Enda sé það **fjármagn nýtt til að nútímavæða kennsluhætti og auka framboð fjarnámsleiða.** Tveggja milljarða samstarfssjóður háskóla sem nýlega var settur á laggir ætti að stuðla að nánara samstarfi háskólanna. Ný undirrituð viljayfirlýsing um fagháskólanám í leikskólafræðum lofar einnig góðu.

Sigurhæðir

Sigurhæðir sinna mikilvægrri þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi. Markmið verkefnisins eru að bjóða konum búsettum á Suðurlandi sem orðið hafa fyrir kynbundnu ofbeldi öruggan vettvang og aðstoð fagfólks til að vinna úr áföllum, að efla samstarf milli aðila sem veita þolendum kynbundins ofbeldis þjónustu á Suðurlandi og að auka vitund og þekkingu á kynbundnu ofbeldi meðal almennings, fagaðila og samstarfsaðila í verkefninu með þjálfun og fræðslu.

Því er **beint til til ríkisvaldsins** að nauðsynlegt sé að **fjármagn fáist til lengri tíma** svo hægt verði að **bregðast við aukinni þörf, tryggja starfsemi eðlilegt starfsumhverfi og þolendum kynbundins ofbeldis öruggt aðgengi** að þjónustunni.

Samtökin mæla eindregið með að fyrir afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins á Alþingi verði bætt úr framangreindum vanköntum.

Fyrirsvarsmenn samtakanna áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum og óska jafnframt eftir að koma á fund fjárlaganefndar.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar

Bjarni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri